

Áttundi fundur vetrarins í Gammadeild DKG (vorfundur) var haldinn mánudaginn 26. maí 2014, klukkan 18:00 á heimili Gerðar Óskarsdóttur að Breiðahvarfi 2, Kópavogi.

Dagskrá: Á fundinum voru teknar inn fjórar nýjar konur: Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Hildur Jóhannesdóttir og Soffía Sveinsdóttir. Hildur Skarphéðinsdóttir sagði okkur frá Vorþinginu á Ísafirði og síðan voru hefðbundin aðalfundarstörf, stjórnarskipti, söngur og gleði.

Fundarsetning: Árný Elíasdóttir bauð konur velkomnar, setti fund og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall.

Fundinn sátueftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh Dao Train, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steindórsdóttir, Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Margrét Jónsdóttir, Aría Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Soffía Sveinsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir og Þórunn Björnsdóttir. Alls sóttur 32 konur fundinn.

Vorþing landssambands DKG Hildur Skarphéðinsdóttir sagði okkur frá Vorþinginu sem að þessu sinni var haldið í Edinborgarhúsinu á Ísafirði laugardaginn 10. maí. Þingið var vel sótt en rúmlega 60 konur sóttu þingið. Yfirskrift þingsins var **Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni**. Erindin fjölluðu öll á einn eða annan hátt um þetta efni og öllum skólastigum voru gerð skil. Auk erindanna voru tónlistaratriði sem báru fjölbreyttu menningarlífi Ísfirðinga gott vitni.

Fyrsta erindið bar heitið Upplýsingatækni og nýir miðlar í skólastarfi en þar fjallaði Dr. Svava Pétursdóttir um upplýsingatækni í skólastarfi frá ýmsum hliðum. Fróðlegt var að heyra hvernig samfélagsmiðlar geta nýst í skólastarfi og að kynnað því hvernig miðill eins og Facebook getur verið vettvangur þar sem kennarar styðja hvern annan í starfi. Jóna Benediktsdóttir aðstoðarskólastjóri og Guðríður Sigurðardóttir kennari sem báðar starfa við Grunnskólann á Ísafirði sögðu frá nemendapingi sem haldið var við skólann. Áhugavert var að heyra hvernig staðið var að þinginu, því fylgt eftir og síðan unnið úr því. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróun þessa verkefnis í framtíðinni. Albertína F. Elíasdóttir verkefnisstjóri FabLab á Ísafirði sagði frá möguleikum FabLab smiðjunnar til að skapa og hanna hluti frá upphafi til enda. Í erindinu sýndi hún einnig hluti sem hafa orðið til í smiðjunni. Ljóst er að FabLab eru engin takmörk sett. Síðasta erindi dagsins hélt Elsa María Thompson skólastjóri heilsuleikskólans Laufáss á Þingeyri. Í lok dagsins var svo boðið uppá tvenns konar sögugöngur sem báðar enduðu í Safnahúsinu á Ísafirði þar sem Iota konur voru með stutta móttöku.

Hildur gat þess jafnframt að bróðir Eddu Pétursdóttur, okkar konu í Gammadeild, leiddi aðra gönguna sem var afar eftirminnileg menningarganga.

Síðasta atriðið á góðri dagskrá var svo hátíðarkvöldverður í Tjöruhúsinu þar sem „rúsinan í pylsuendanum“ var söngatriði þar sem ein af framreiðslustúlkunum, Salóme Katrín Magnúsdóttir, söng fyrir gesti. Því má bæta við að Salóme er nemandi í Menntaskólanum á Ísafirði og var fulltrúi hans í Söngvakeppni framhaldsskólanna í ár.

Hildur sagði einnig frá einstaklega skemmtilegri rútuferð vestur sem Ingibjörg Einarsdóttir skipulagði og stjórnaði af sinni alkunnu snilld og nemendum (Gammakonum) sagt nákvæmlega hvað átti að gera þegar kom að gátum og öðru léttu gamni. Á heimleiðinni fræddi Edda Pétursdóttir konur um landið alla leið frá Heydal að Hólmavík.

Inntaka Á fundinum voru teknar inn fjórar nýjar konur: Edda Pétursdóttir, Edda Vikar, Hildur Jóhannesdóttir og Soffía Sveinsdóttir. Árný stýrði athöfninni og fékk stjórnarkonurnar Björk, Margréti og Svönu til liðs við sig. Athöfnin var eftir reglum um athöfn nýrra félaga í deild og einstaklega hátíðleg stund. Nýju konurnar höfðu fengið upplýsingar um sögu og eðli samtakanna, uppbyggingu þeirra og þá ábyrgð, störf og tækifæri sem fylgja virkri þátttöku. Fram kom að þess væri vænst að allir félagar í deild, landssambandi og alþjóðasamtökunum taki þátt í að móta og

framfylgja þeim áætlunum og verkefnum sem við tökum okkur fyrir hendur til að ná markmiðum samtakanna. Sú viðleitni tengir okkur saman og samvinnan í gagnlegum og þroskandi verkefnum verður til þess að efla og styrkja félagsskapinn. Að lokum var þeim afhentur gullni lykill samtakanna sem er barmnæla sem við berum á áberandi stað vinstra megin eða þar sem hjartað slær.

Á milli dagskrárliða var boðið upp á dýrindis súpu sem Margrét Jónsdóttir tók að sér að matbúa og í eftirrétt var kaffi og súkkulaðikaka sem Svana Friðriksdóttir færði til fundarins. Þær fengu mikið og gott þakklæti fyrir einstaklega ljúffengar veitingar.

Aðalfundarstörf Gengið var til aðalfundarstarfa undir stjórn Kristínar Jónsdóttir

a) Skýrsla formanns. Árný Elíasdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Að henni lokinn færði Ragnhildur Þórarinsdóttir formanni rós frá meðstjórnendum hennar.

b) Skýrsla gjaldkera. Ragnhildur Þórarinsdóttir, gjaldkeri, skýrði rekstrarreikning deildarinnar fyrir tímabilið 2012 – 28.5.2014 sem dreift var til fundarmanna. Formaður þakkaði gjaldkera vel unnin störf.

c) Kosning nýrrar stjórnar. Fundarstjóri kynnti tillögur uppstillingarnefndar en í henni sátu þær Guðný Helgadóttir, formaður, Björg Eiríksdóttir og Ingibjörg Jónasdóttir. Nefndin gerði eftirfarandi tillögur: Kristín Bjarnadóttir, formaður, Kristín Jónsdóttir, Björk Einisdóttir og Svana Friðriksdóttir. Nýja stjórnin hefur þegar valið sér gjaldkera, Ragnhildi Þórarinsdóttur, að öðru leyti mun hún skipta með sér verkum. Fundarkonur samþykktu tillögur uppstillingarnefndar með lófataki. Ingibjörg Jónasdóttir tók að sér að vera áfram skoðunarmaður reikninga. Fundarstjóri og formaður óskuðu nýrri stjórn velfarnaðar. Nýr formaður þakkaði traustið.

Fráfarandi stjórn var þakkað fyrir áhugaverða dagskrá undanfarin tvö ár

Fundarlok Árný færði Gerði rós sem þakklætisvott fyrir hlýlegar móttökur. Hús Gerðar hefur ávallt staðið okkur opið og fundir sem þar eru haldnir eru og hafa verið einstaklega ánægjulegir og um fram allt sérlega skemmtilegir. Að lokum var afmælisbarni ársins færð rós með korti sem innihélt falleg orð til hennar en afmælisbarnið var Þórunn Björnsdóttir.

Þar sem þetta er síðasta fundargerð mín læt ég fallegu orðin í kortinu fylgja með en þau eru eftir Sigurunni Konráðsdóttur ömmu mína:

Ef allir unna frelsi og frið

að fögrum listum hyggja

menntun sönn og mannkostir

munu löndin byggja.

(Sigurunn Konráðsdóttir 1917)

Eftir matinn settist Þórunn Björnsdóttir við orgelið og spilaði undir söng okkar. Vel var tekið undir og mörg lög sungin – Sungum svo sannarlega í okkur sumarið þetta yndislega kvöld og héldum heim eftir ánægjulega kvöldstund með áhugaverðri dagskrá, góðum vinkonum og ljúfum veitingum.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir